

Reglur vegna deildakeppni 2012:

1. grein.

Spilað verður í 2-3 deildum, eftir þátttöku, 8-18 sveitir í deild. Spilaform og lengd leikja fer eftir þátttöku, en spila skal leiki án hálfleiks. Fyrirliðar skulu báðir stilla upp „blint“, þ.e. án vitneskju um uppstillingu hinnar sveitarinnar.

2. grein

Spilað verður eina helgi, ákveðið af Mótanefnd BSÍ hverju sinni.

3. grein

Spilað er um titlana: „Deildarmeistari 2012“, „Deildarmeistari 2. deildar 2012“.

4. grein

Gullstig eru veitt - sjá þar til gerðar gullstigareglur frá meistarastiganevnd BSÍ.

5. grein

Verðlaun:

Bridgesamband Íslands ákvarðar verðlaun fyrir mótslok.

6. grein

Skrá skal 4-6 spilara í hverja sveit, 2 aukavaramenn mega líka spila (en þeir mega þá ekki spila með annarri sveit í deildakeppninni það árið). Bæta má við mönnum eftir lokadagsetninguna. Skipan sveita á milli ára fer eftir þessum reglum:

- ✓ Fyrirliði er fullgildur meðlimur sveitar á milli ára óháð hvað hann spilaði mikið.
- ✓ Allir spilarar sem spiluðu minnst helming spila fyrir sveitina í Deildakeppninni 2011 teljast fullgildir meðlimir 2012.
- ✓ Ef sveit brotnar upp þá heldur meirihluti af fullgildum spilurum sveitinni (Fyrirliði telur 1,5 en hinir meðlimir telja 1.)
- ✓ Ef ekki er hægt að mynda sveit vegna jafns gildi atkvæða þá skal Mótanefnd varpa hlutkesti fyrir síðasta skráningardag.

7. grein

Keppnisgjald ákvarðast af stjórn BSÍ hverju sinni.

8. grein

Umsóknir eru þáttökubindandi - Hætti sveit við þáttöku eftir lokaskráningardag, án gildrar ástæðu, er leyfilegt að setja skráða meðlimi sveitarinnar í eins árs bann í deildakeppninni, þ.e. árið eftir.

9. grein

Færslur milli deilda: 2 af 8 falla, 3 af 10 og 4 af 12. Samsvarandi fjöldi efstu sveita úr næstu deild fyrir neðan færast upp næsta ár.

10. grein

Spilarar sem þurfa að ferðast um langa leið fá ferðastyrk til þáttöku skv. þessum reglum:

Ferðastyrkurinn greiðist til þeirra spilara sem búa á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, norðan Holtavörðuheiðar og fyrir austan Mýrdalssand.

Hámarksstyrkur á sveit er kr. 12.000 og skal fyrirliði sveitarinnar sækja um styrkinn áður en mótinu lýkur.

Til að hljóta hámarksstyrk þurfa 4 eða fleiri í sveitinni að vera styrkhæfir.

11. grein

Ef sveit hættir við þáttöku, þá tekur hæsta sæti síðasta árs hennar pláss (efri deild, hærra sæti).